

Ed.

587. Lög

um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr rikissjóði, þegar sje er fyrir hendi, allt að 70 þúsund krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til þess að gera við og ljúka við að byggja hafnargarðana og til nauðsynlegustu mannvirkja innan hafnar í Vestmannaeyjum.

Tillagið úr rikissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.